



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Erindið sent með tölvupósti
á netfangið steinar.adolfsson@akranes.is

Akranesi, 06.06.2019
1906021 EMG

Efni: Tillaga um skönnun bæjarblaða á timarit.is

Á fundi Menningar- og safnanefndar, sem haldinn var þann 5. júní sl., var fjallað um skönnun bæjarblaðanna Bæjarblaðið, Skagablaðið og Skessuhorn sem eru einungis til á pappír inn á timarit.is. Kostnaðurinn ber ekki VSK og er metinn eftirfarandi :

- Skagablaðið, 12 árgangar (4.555 blaðsíður) **364.400 kr.***
- Bæjarblaðið frá 1979 (1.186 blaðsíður) **94.880 kr.***
- Skessuhorn, 1998-2001 (3.392 blaðsíður) **271.360 kr.***
- Eldra Bæjarblað (1951-60) og bæjarblaðið Umbrot myndu fylgja með án kostnaðar
 - **Kostnaður við skönnun alls ofangreinds 730.640 kr.**

Menningar- og safnanefnd telur mikilvægt að framkvæma verkið sem um ræðir og gera þau menningarverðmæti sem liggja í efni blaðanna aðgengileg og leitarbær.

Nefndin óskar eftir að Landsbókasafni verði falið að hefja skönnun við fyrsta tækifæri og að kostnaði við verkið verði mætt með því að færa núverandi áætlun af deild 20830-5946 yfir á 05020- 4990.

Fyrir hönd menningar- og safnanefndar,

Ella María Gunnarsdóttir
forstöðumaður menningar- og safnamála

Samrit:
Afrit: